

Fjárhagsþrengingar heimilanna í kreppunni

Samanburður Íslands og Evrópulanda, árið 2009

eftir Stefán Ólafsson

Samandregnar niðurstöður

Á árinu 2009, í miðri kreppunni, voru hlutfallslega fleiri heimili sem sögðust vera í fjárhagsþrengingum í 22 löndum Evrópu en var á Íslandi. Einungis 8 af 30 Evrópuþjóðum stóðu þá betur en Íslendingar (sjá mynd 1). Um 60% Íslendinga sögðu þá auðvelt að láta enda ná saman. Erfiðleikar höfðu aukist hér á landi frá 2007 til 2009, en samt voru erfiðleikarnir 2009 minni eða svipaðir og verið hafði hér árið 2004. Sú stefna að milda áhrif kreppunnar á lægri tekjuhópa virðist hafa skilað árangri á árinu 2009.


Á árinu 2010 fjölgaði heimilum í fjárhagsþrengingum á Íslandi, þ.e. þeim sem áttu "erfitt" með að láta enda ná saman, úr um 39% í 49%. Það var samt betri staða en hafði verið í 19 Evrópuríkjum á árinu á undan (2009). Þeir sem áttu "mjög erfitt" með að láta enda ná saman í útgjöldum fjölskyldunnar voru 8,2% 2009 en fjölgaði í 13,6% árið 2010. Á árinu 2004 höfðu tæp 10% sagt í sömu könnun Hagstofu Íslands að mjög erfitt væri að láta enda ná saman. Stækkun þess hóps sem á í mjög miklum fjárhagsþrengingum nú er því lítil í samanburði við það sem var 2004, en mun meiri í samanburði við það sem var fyrir hrun, árið 2007 (sjá töflu 1).

Þeir þjóðfélagshópar sem áttu í mestum erfiðleikum árið 2009 voru lágtekjufólk, einstæðir foreldrar og ungt fjölskyldufólk á aldrinum 30-39 ára (sem hafði fjárfest í íbúðarhúsnæði á þensluárunum), auk atvinnulausra. Eldri borgarar virðast hafa sloppið best allra aldurshópa við kjaraskerðingu í kreppunni. Það tengist hækkun framfærslutryggingar almannatrygginga, hækkun lífeyrissjóðstekna og lægstu launa og lækkun beinna skatta á lægri tekjur 2009 og 2010 (sjá töflu 2).

Erfitt að láta enda ná saman árið 2009

Á mynd 1 má sjá almenna mælingu á fjárhagsþrengingum heimila í 31 landi í Evrópu á árinu 2009. Gögnin koma úr lífskjarakönnunum Evrópusambandsins, sem hagstofur ríkjanna framkvæma, allar á sama máta. Hagstofa Evrópusambandsins vinnur svo úr gögnunum á samræmdan hátt.

Niðurstöðurnar sýna svör almennings við spurningu um, "hvernig heimilinu gangi að láta enda ná saman", í venjulegum útgjöldum fjölskyldunnar. Svarkostir voru: "mjög erfitt, erfitt, nokkuð erfitt, nokkuð auðvelt, auðvelt og mjög auðvelt". Á myndinni er sýnt hlutfall svarenda sem segja "erfitt" að ná endum saman (þ.e. samanlagðir svarkostir: "mjög erfitt, erfitt, nokkuð erfitt").



Mynd 1: Hlutfall svarenda sem segja erfitt að láta enda ná saman í daglegum útgjöldum fjölskyldunnar, árið 2009. Gögn frá Hagstofu Íslands og Hagstofu Evrópusambandsins (EUROSTAT).

Myndin sýnir að heimili 22ja þjóða í Evrópu virðast oftar hafa verið í fjárhagsþrengingum en Íslendingar á árinu 2009. Einungis 8 þjóðir stóðu betur en Íslendingar. Í ljósi þess að ofþenslan og skuldasoðnunin voru hér með alversta móti, og hrúnið í kjölfarið eitt það allra stærsta í sögunni, í hlutfalli við stærð þjóðarþúsins, má segja að útkoman komi á óvart. Þrátt fyrir stærsta hrúnið eru fjárhagsþrengingar íslenskra heimila vel undir meðallagi Evrópuríkja á árinu 2009.

Þetta er reyndar í samræmi við aðrar upplýsingar, svo sem þær að atvinnuleysi er nú meira í a.m.k. 20 vestrænum ríkjum en á Íslandi og samdráttur þjóðarframleiðslu er minni hér en í sumum öðrum löndum, svo sem Írlandi, Eistlandi, Lettlandi, Litháen og Ungverjalandi. Þetta hefur komið fram í nýlegum fréttabréfum Þjóðmálastofnunar HÍ og hjá öðrum aðilum, t.d. hjá sérfræðingum OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hjá þekktum erlendum hagfræðingum.


Hrun fjármálakerfisins hefur auðvitað komið illa við lífskjör þjóðarinnar. Allir hafa orðið fyrir rýrnum kaupmáttar, atvinnuleysi hefur aukist og skuldir heimila og fyrirtækja hafa magnast. Stjórnvöld hafa haft þá stefnu að hlífa lágtekjufólki og meðaltekjufólki eftir kostum, með ýmsum úrræðum. Fjárhagsleg geta þeirra til að innleiða slíkar aðgerðir er þó vægast sagt erfið, því á sama tíma þurfa stjórnvöld að rétta af geigvænlegan halla á ríkisbúskapnum, með niðurskurði og skattahækkunum. Mildun kjaraskerðingar hjá sumum krefst þess að aðrir taki þá á sig meiri byrðar.

Sú stefna að hlífa heimilum í lægri tekjuhópum við afleiðingum kreppunnar, hefði einmitt átt að geta fækkað í þeim hópi sem á erfiðast með að láta enda ná saman í framfærslunni. Niðurstöður lífskjarakannana Evrópusambandsins, á mynd 1, benda til að þetta hafi tekist hér að umtalsverðu leyti.

En beinum sjónum næst að þeim sem eiga allra erfiðast fjárhagslega í kreppunni. Til þeirra má ná með því að skoða þann hóp sem segir "mjög erfitt" að láta enda ná saman í venjulegum útgjöldum heimilisins. Þær niðurstöður eru sýndar á mynd 2.

Mjög miklar fjárhagsþrengingar

Um 8% svarenda á íslenskum heimilum sögðu í könnuninni árið 2009 að "mjög erfitt" væri fyrir þau að láta enda ná saman. Heimilin í 18 öðrum löndum virðast oftar hafa átt í mjög miklum erfiðleikum en íslensku heimilin, en í 12 löndum virðast hlutfallslega færri svarendur hafa átt í mjög miklum erfiðleikum vegna fjárhagsþrenginga. Það eru íbúar Lúxemborgar, Finnlands, Noregs, Hollands, Svíþjóðar, Þýskalands, Danmerkur, Sviss og Frakklands sem markvert sjaldnar eru í mjög miklum fjárhagsþrengingum en Íslendingar. Heimilin í austur og suður Evrópu eru oftar í miklum þrengingum en Íslensku heimilin. Inn á myndina er líka teiknuð línan fyrir niðurstöðurnar sem eru á mynd 1. (Sú lína sveiflast meira á mynd 2 vegna þess að röðun landanna er önnur þar en í mælingunni á mynd 1).



Mynd 2: Þeir sem segja "mjög erfitt" að láta enda ná saman, í daglegum útgjöldum fjölskyldunnar, 2009

Það er því afar athyglisvert að umfang fjárhagsþrenginga á íslenskum heimilum skuli ekki vera útbreiddara eftir hið einstaka hrun fjármálakerfisins, nú þegar þjóðin gengur í gengum mestu efnahagsþrengingar sem orðið hafa á lýðveldistímanum. Það bendir til að þrátt fyrir mikla óánægju, mikla gagnrýni og mikið óþol gagnvart ástandinu hér á landi hafi sitthvað tekist í þeirri viðleitni að lágmarka tjónið fyrir lífskjör heimilanna. Margt hefur án efa komið þar til. Gengislækkun krónunnar hefur hjálpað útflutningsatvinnuvegum og haldið aftur af atvinnuleysi og samdrætti þjóðarframleiðslu,

brotflutningur hluta hins erlenda vinnuafis og Íslendinga hefur einnig haldið aftur af atvinnuleysisvandanam.

Velferðaraðgerðir (hækkun lægsta lífeyris, barnabóta, vaxtabóta, atvinnuleysisbóta og lægstu launa á vinnumarkaði, auk margvíslegra úrræða fyrir mikið skuldug heimili) hafa gegnt stóru hlutverki við að ná þessum árangri. Atvinnuskapandi aðgerðir hafa einnig skilað nokkru, þó vonir hafi staðið til að mun meira hefði gerst á því sviði. Útgreiðsla séreignasparnaðar hefur að auki létt undir með mörgum heimilum.

Þá hefur skattastefnan einnig stutt við þetta markmið, þ.e. með því að hlífa lægstu tekjuhópunum við aukinni skattbyrði og leggja í staðinn meiri byrðar á þá sem hærri tekjur og meiri greiðslugetu hafa. Slíkur stuðningur við lágtekjuhópa styrkir neyslueftirspurnina í hagkerfinu, sem einnig getur hjálpað til í kreppu. Skattalækkanir til hátekjuhópa skila sér hins vegar afar illa í aukinni eftirspurn í hagkerfinu, eins og Bandaríkjamenn kynntust er efnahagsleg áhrif skattalækkana Bush-stjórnarinnar, sem einkum komu til hátekjufólks, voru metin af óháðum rannsóknaraðilum (US Congressional Budget Office). Margir frjálshyggjumenn á Íslandi horfa alveg framhjá þessu í umfjöllunum sínum um skatta á Íslandi.

En lítum næst á þróun fjárhagsþrenginga yfir tíma á Íslandi, þ.e. frá 2004. Hér getum við einnig skoðað hvernig framvindan var á árinu 2010. Gögnin koma úr könnun Hagstofu Íslands (sjá Fjárhagsstaða heimilanna 2004 – 2010, á www.hagstofa.is).

Fjárhagsþrengingar á Íslandi frá 2004 til 2010

Í töflu 1 eru sýndar 6 mælingar á fjárhagserfiðleikum heimila. Niðurstöðurnar á myndum 1 og 2 koma úr þeirri mælingu sem sýnir stærsta hópinn sem er í fjárhagsþrengingum (“erfitt að láta enda ná saman”). Minnstur er hópinn sem segist vera með húsnæðislán eða leigu í vanskilum (10,1% árið 2010), rúm 13% voru með önnur lán í vanskilum. Þá sögðu 16,5% að húsnæðiskostnaður væri þung byrði og rúm 19% sögðu önnur lán þunga byrði (bílalán og neyslulán).

Athyglisvert er að árið 2010, á botni kreppunnar, sögðu 35,9% svarenda að þeir gætu ekki mætt óvæntum útgjöldum (skilgreind sem lágtekjumörk tveimur árum fyrr). Árið 2004 voru það hins vegar ívið fleiri, 36,1% sem svöruðu þeirri spurningu eins. Það er reyndar afar athyglisvert að sumir fjárhagslegu erfiðleikamælikvarðarnir voru árið 2009 ívið lægri en verið hafði árið 2004, síðasta starfsár ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Þetta á við um vanskil bæði húsnæðislána og annarra lána, getu til að mæta óvæntum útgjöldum og umtalsvert fleiri sögðu árið 2004 en 2009 að þeir ættu erfitt með að láta enda ná saman í útgjöldum heimilisins.

Þetta hafði svo breyst árið 2010, en þá hafði hlutfall þeirra sem sögðu erfitt að láta enda ná saman farið úr um 39% í rúm 49% (og þeir sem sögðu “mjög erfitt” að láta enda ná saman fóru úr 8,2% 2009 í 13,6% árið 2010). Þrátt fyrir þessa aukningu á fjölda heimila í erfiðleikum á árinu 2010 er hlutfall heimila í fjárhagsþrengingum áfram lágt í samanburði við evrópsk heimili almennt. Þar fjölgaði án efa heimilum í erfiðleikum á árinu 2010, t.d. í Írlandi, Grikklandi, Spáni og ýmsum löndum austur-Evrópu.

Tafla 1: Sex mælingar á fjárhagserfiðleikum heimila á Íslandi, frá 2004 til 2010

% íbúa sem svara viðkomandi spurningu játandi

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Vanskil húsnæðislána eða leigu	9.4	8.0	5.7	5.8	5.5	7.1	10.1
Húsnæðiskostnaður þung byrði	12.4	11.6	9.9	9.6	11.8	15.0	16.5
Vanskil annarra lána	10.7	7.9	5.8	8.4	5.5	10.3	13.3
Önnur lán þung byrði	9.7	9.7	7.6	11.5	10.3	15.5	19.2
Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum	36.1	38.0	31.9	29.8	26.9	29.8	35.9
Erfitt að ná endum saman	46.2	36.8	34.8	28.4	30.1	39.0	49.3
Mjög erfitt að ná endum saman	9.7	6.9	5.8	5.6	5.9	8.2	13.6

Heimild: Eurostat (Hagstofa Evrópusambandsins) og Hagstofa Íslands

Það hlýtur að teljast afar óvænt niðurstaða að fjárhagsþrengingar íslenskra heimila í kreppunni 2009 og 2010 skuli almennt ekki hafa verið mikið útbreiddari en hafði verið árið 2004, í miðju “góðærinu”. Samt höfðu þrengingarnar aukist umtalsvert frá 2007. Í kreppunni nú er hins vegar algengara að saman fari erfiðleikar á fleiri en einu sviði, svo sem þegar saman fer atvinnuleysi, skuldavandi og almenn kjaraskerðing. Það er þó ljóst að alvarlegasti fjárhagsvandinn nú er bundinn við takmarkaðan hóp, eða nálægt 15% heimilanna í landinu. Aðrir finna vissulega mikið fyrir þrengingum en ráða við þær. Þessi niðurstaða viðhorfamælinga í lífskjarakönnunum hagstofanna í Evrópu er í ágætu samræmi við niðurstöður Seðlabanka Íslands og úttektarhóps stjórnvalda vegna skuldavanda heimilanna, undir formennsku Sigurðar Snævarr hagfræðings (haustið 2010).

En hvernig skyldi standa á því að erfiðleikarnir árin 2009 og 2010 eru ekki miklu meiri en var á árinu 2004? Megin ástæða þess er væntanlega sú, að frá 1995 til um 2004 hafði skattbyrði lágtekjufólks á Íslandi hækkað afar mikið, auk þess sem framfærsluþrygging almannatrygginga dróst aftur úr launum á

vinnumarkaði. Barnabætur og vaxtabætur rýrnuðu einnig mikið að raungildi frá 1995 til 2004. Það hafði sem sé þrengt að lágtekjufólki á þessum tíma. Þeirri stefnu hefur nú verið snúið við, raunar alveg frá 2007, er ASÍ fékk fyrst fram aukna áherslu á hækkun skattleysismarka og einnig er ASÍ knúði fram hækkun atvinnuleysisbóta í kjarasamningum.

Hvaða þjóðfélagshópar standa verst?

Á töflu 2 má sjá vísbendingar um hvaða þjóðfélagshópar standa verst í kreppunni. Einstæðir foreldrar hafa hæst hlutfall fólks sem segir erfitt að láta enda ná saman (samanlagðir þeir sem segja “mjög erfitt, erfitt og nokkuð erfitt”), en um 77% þeirra svöruðu þannig. Næst koma hjón með 3 eða fleiri börn, þá fólk á aldrinum 30-39 ára (margir í þeim hópi keyptu húsnæði á bóluþímanum á uppsprengdu verði og söfnuðu meiri skuldum en áður tíðkaðist, sem svo mögnuðust í hruninu). Ljóst er að ungar barnafjölskyldur hafa margar komið afar illa út úr hruninu og kreppunni í kjölfarið. Fólk sem er 70 ára og eldra er hins vegar mun sjaldnar með erfiðleika við að láta enda ná saman, að eigin sögn, eða um 29% árið 2010. Það er reyndar mun lægra hlutfall erfiðleika en verið hafði árið 2004, þegar 38% úr þessum aldurshópi sögðust eiga erfitt með að láta enda ná saman. Ekki eru til sambærilegar upplýsingar um greiðsluferfiðleika atvinnulausra, en þeir eru án efa oft í miklum þrengingum.

Tafla 2: Erfitt að láta enda ná saman – greint eftir helstu þjóðfélagshópum, 2004 til 2010

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Allir	46,2	36,8	34,8	28,4	30,1	39,0	49,3
<i>Fjölskyldugerðir:</i>							
Einstæðir foreldrar	77,9	62,6	60,7	57,6	58,0	56,2	77,2
Hjón með 3 eða fleiri börn	57,0	43,0	39,2	27,3	36,0	45,0	68,4
Meðaltal allra heimila með börn	53,3	39,4	37,4	29,2	34,1	44,6	60,0
<i>Aldurshópar:</i>							
Fólk á aldrinum 30-39 ára	47,3	39,3	38,1	27,7	35,7	48,8	61,7
Fólk 70 ára og eldra	38,0	32,8	35,7	26,8	20,6	21,5	28,8
<i>Tekjuhópar:</i>							
Lágtekjufólk (tekjulægstu 20% heimila)	60,1	51,4	47,2	45,4	47,2	55,7	...
Miðtekjufólk (þau 20% sem eru í miðjunni)	53,8	41	39,5	29,1	27,1	40,9	...
Hátekjufólk (tekjuhæstu 20% heimila)	24,6	12,3	12,6	11	12,1	14,3	...

Heimild: Hagstofa Íslands (tölur vantar fyrir tekjuhópa árið 2010).

Almennt er fólk með lægri tekjur í meiri erfiðleikum með að láta enda ná saman, eins og sjá má af neðri hluta töflunnar. Sú stefna að hlífa lægri tekjuhópum og millitekjuhópum við kjaraskerðingu og skattahækkunum fækkar í hópum þeirra sem eiga í slíkum fjárhagsþrengingum.

Umtalsverður árangur virðist hafa náðst á þessu sviði í kreppunni hér á landi, ólíkt því sem er í sumum Evrópulöndum. Þar er ekki óalgengt að byrðar kreppunnar komi með meiri þunga á tekjulægri fólk, svo sem á Írlandi, Bretlandi og í sumum löndum suður og austur Evrópu. Bæði velferðaraðgerðir, skattaaðgerðir og hækkun lægstu launa hafa hér miklu hlutverki að gegna, ef draga á úr erfiðleikum lágtekju- og millitekjufólks.

Heimildir: EUROSTAT (<http://epp.eurostat.ec.europa.eu/portal/page/portal/statistics/themes>) og Hagstofa Íslands (EU-SILC, árlegar lífskjarakannanir).

Frekari upplýsingar veitir höfundur, netfang olafsson@hi.is.